

merkingu og er þá tilgangurinn augljós.

Akafinn í Guðbergi verður, er hér er komið, svo mikill, að honum sortnar um sjónir og ber á mig ósannindi í ábataskyni — breytir jafnvel laufablöðum í blóm(!). Hér fer Guðbergur út fyrir öll siðræn mörk í skrifum sínum í getspeki sinni. Hef ég næg vitni að því, að ég sagði satt og rétt frá — fólk sem fylgdist með tilorðningu myndanna. Hér hef ég ekkert að fela og getur Guðbergur sannfærst með því að líta inn á vinnustofu mína og bera saman litbrigði jarðar við hrynjandi mynda minna.

Ekki lætur Guðbergur hér staðar numið heldur ræðst hann á íslenzkar konur, sem hann segir að falli fyrir meintu auglýsingaskrumi. „Ekki hrifast þær af málverkunum heldur af sinni „eigin tilfinningu fyrir því, hvað eigi að vera fallett og passa í stofu“. Af þessu stafar það að íslenzkar stofur eru kraðakskenndar. Þar ægir öllu saman í einhvers konar glundurslegri eggjun. Litadýrðin er upp um alla veggi og ekki fimmaura virði.“

Hér verð ég að játa virðingu mína fyrir íslenzkum konum er virðast hafa tekið upp merki Ragnars í Smára um kaup á myndverkum samkvæmt eigin tilfinningum — en ekki niðursoðnum útlenzkum áróðri né áróðri sértrúarhópa í listinni er haldnir eru ofurást á sjálfum sér.

Það er staðreynd, að íslenzkar konur á öllum aldri kaupa meira af myndverkum en karlmenn og einmitt vegna þess „að þær eru veikar fyrir myndum“, líkt og ein konan orðaði það svo fallega. Karlmennt hafa stórum oftast fjárfestingarsjónarmið í huga er þeir festa sér myndir — kaupa nöfnin. Það er einnig oftast, að karlmenn fái konur ofan af því að kaupa myndir en hitt, einkum ef tilfinning á að ráða umfram kalda og hagræna skynsemi. Þá má benda á, að það voru íslenzkar konur er sáu til þess með handavinnu sinni, að myndræni þráðurinn frá miðöldum slitnaði aldrei, jafnvel ekki á mestu niðurlægjartímum í sögu íslensku þjóðarinnar.

Ég sé því ástæðu til að taka ofan fyrir íslenzkum konum allra alda og hvet þær eindregið, að kaupa áfram myndir samkvæmt sinni eigin tilfinningu, samfara því, að þær reyni að þroska kenndir sínar til myndrænna atriða.


Tel ástæðu til að vísa hér til þess er Steingrímur Thorsteinsson orti eitt sinn um gagnrýni og upp kom í huga mér við lestur pistils Guðbergs Bergssonar:

Haugaðu lofi og lasti þykt,
Ljúgðu — og gerðu betur:
Falsaðu mæli, mynt og vigt,
Minna ei dugað getur.

Sýning frá Akureyri

Um þessa helgi lýkur sýningu sjö myndlistarmanna frá Akureyri er lagt hafa undir sig vestri sal Kjarvalsstaða. Jafnan er það nokkur viðburður er þeir norðanmenn gista höfuðborgina enda mun sýningin hafa gengið að vonum á heildina litið. Sjálfsagt er að vekja hér athygli á fyrirtækinu og hvetja sem flesta að gera sér ferð á Kjarvalsstaði um helgina — þar er margt að gerast og tvær sýningar kveða um helgina svo sem fram kemur í þessu skrifum. Í þessu sambandi væri næsta fróðlegt ef gerð væri úttekt á því sem er að gerast í myndlist í hverjum landsfjórðungi fyrir sig en láta þó höfuðborgarsvæðið eiga sig.

Vonandi sýna þeir félagar, ásamt fleiri norðanmönnum, reglulega hér fyrir sunnan í framtíðinni. Félagsþroskinn er fyrir öllu. — Veri þeir jafnan velkomnir.



„Í fjórum línunum“

Síðara bindi vísna-safnsins komið út

SETBERG hefur gefið út síðara bindi vísna- og ljóðasafnsins „Í fjórum línunum“ en fyrra bindið kom út haustið 1980.

Eins og heiti bókarrinner ber með sér eru hér ljóð og vísur sem eiga það sameiginlegt að vera fjórar ljóðlínur. „Stakan, bæði venjuleg og dýrt kveðin, er fyrirferðarmest í þessu síðara bindi sem hinu fyrra,“ segir í frétt frá útgefanda. „Hér er flestum mannlegum tilfinningum einhver skil gerð og oftast er gerð grein fyrir aðdraganda og tilurð vísanna.“

Efnisins er aflað með ýmsum hætti og í þessu síðara bindi eru höfundar um 200 víðsvegar af landinu, en vísurnar eru um 800 talsins. Skrá yfir upphaf erindanna og höfunda er að finna í bókarklok.

Þess má geta að aðfaravísu bókarrinnar er eftir Björn Leví Gestsson:

Hugann yngir, að ég ber
ást á hringhendunni.
Hún óþvinguð þykir mér
þæg og slyng í munni.


Þetta síðara bindi bókarrinnar „Í fjórum línunum“, sem nú er nýútkomið, er 206 blaðsíður, en Auðunn Bragi Sveinsson, skólastjóri, safnaði og valdi ljóðin og vísurnar.

Reykvíkingafélagið:

Framhaldsaðalfundur á fimmtudaginn

Í SUMAR er leið var haldinn fundur í Reykvíkingafélaginu. Hljótt hafði þá verið um félagið um árabíl. — Á fundinum kom fram vilji fundarmanna til að rífa félagið upp úr þessari lægð og blása í það nýju lífi, m.a. með að opna það fólk á öllum aldri og án tillits til aldurs eða árafjölda búsetu í bænum. Var ákveðið að boða til fundar — framhaldsaðalfundar þegar nefnd, sem kosin var á fundinum til að undirbúa þann fund og nauðsynlegar lagabreytingar væri tilbúin að skila af sér störfum. Hefur þessi nefnd nú lokið þeim og hefur undirbúningsnefndin boðað til framhaldsaðalfundar á Hótel Borg nk. fimmtudagskvöld kl. 20.30. Að fundarstörfum loknum með tilheyrandi umræðum varðandi tilgang og starfsemi Reykvíkingafélagsins verður sýnd kvikmynd tekin hér í Reykjavík fyrir 27 árum af Osvald Knudsen kvikmyndatökumanni. Er þess vænst að eldri sem yngri Reykvíkingar, sem áhuga hafa á að félagið risi úr öskustónni fjölmenni á Borgina á fimmtudagskvöldið.

Ný efnisblanda
ull + terylene + lycra




Þægilegri
en þú átt
að venjast,
þökk sé nýja
„stretch“ efninu!



**herra
húsið**

KOMDU OG REYNSLUGAKKTU NÝJU
K-BUXURNAR FRÁ KÓRONA, ÞÆR ERU FÁAN-
LEGAR Í FLANNEL-FLAUELS-OG TWILL VEFNAÐI.

BANKASTRÆTI 7 · ADALSTRÆTI 4



Auglýst eftir framboðum til prófkjörs

Prófkjör um val framboðenda á lista Sjálfstæðisflokksins við næstu alþingiskosningar í Reykjavík, fer fram dagana 28. og 29. nóvember nk. Val framboðenda fer fram með tvennum hætti:

1. Framboð, sem 20 flokksbundnir einstaklingar (þ.e. meðlimir sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík) standa að.
2. Samkvæmt tilnefningu kjörnefndar.

Hér með er auglýst eftir framboðum til prófkjörs sbr. 1. lið að ofan. Skal framboð vera bundið við flokksbundinn einstakling, sem kjör-gengur verður í Reykjavík 1. janúar 1983, og skulu 20 flokksbundnir sjálfstæðismenn, búsettir í Reykjavík, standa að hverju framboði. Skriflegt samþykki framboðenda fylgi framboði. Enginn flokksmaður getur staðið að fleiri en 2 framboðum.

Framboðum þessum ber að skila til yfirkjörstjórnar á skrifstofu Fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, í Valhöll, Háaleitisbraut 1, eigi síðar en kl. 17.00 mánudaginn 8. nóvember nk.

Yfirkjörstjórn Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.